

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1153	Húsatóftum				
Matorka ehf.	240 Grindavík				

Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	2.3.2021	5.3.2021	4,00	0,00	0,00

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Aðrar athugasemdir

Mættum í reglubundið eftirlit hjá Matorku starfsstöð i5. Starfsmenn Matvælastofnunar voru Karl Steinar Óskarsson, Hjörtur Methúsalemsson og Andri Snær Þorsteinsson. Farið var yfir gæðaskjöl og skráningar. Að því loknu var búnaður stöðvarinnar skoðaður.

Eftirlitsmenn tóku eftir því að regnbogasilungurinn var með sárum og mikill stærðarmunur var á fiskum í kerjum. Eins var söfnun dauðfisks ekki eins og best verður á kosið að mati eftirlitsmanna. Eftirlitsmenn tilkynntu dýralæknum Matvælastofnunar um þessi tilfelli.

Gæðaskjöl, skráningar og búnaður var að öðru leiti til fyrirmyndar.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Starfsstöð

Matorka ehf.
Húsatóftum
240 Grindavík
Staða: Í gildi
Kennitala: 5004120540

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 2 3

Tengiliðir

Stefanía Katrín Karlsdóttir	8626519	stefania@matorka.is	Director of Business Development
-----------------------------	---------	---------------------	----------------------------------

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.2 - Landeldi

3.2.3 Velferð fiska

Í lagi

Sett inn: 02.03.2021

Eftirlitsmenn sáu að regnbogasilungur í áframeldi var með sár og að það var mikill stærðarmunur á fiskum í kerjum og töluvert af sveimurum.

Einnig var að mati eftirlitsmanna söfnun á dauðfisk ekki eins og best verður á kosið. Fiskurinn safnaðist úr öllum körum í afrennsli sem skilaði dauðfiskum í eitt kar sem var undir berum himni. Einnig var hægt að sjá lifandi fiska inn á milli dauðra fiska í söfnunarkarinu.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.2 Framleiðsluskýrsla	3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni
3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	3.2.3 Velferð fiska	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga
3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga	4.1.1 Dagbókarfærslur	4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu
5.1.1 Þjálfun starfsfólks	5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva	5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Karl Steinar Óskarsson
karl.oskarsson@mast.is
Sérfræðingur
4504800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.